



LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS

**Ársskýrsla
2012**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 til 2012.....	1
Framkvæmdir árið 2012.....	1
Yfirlit yfir landgræðsluaðgerðir LNH 2012.....	2
Landgræðsluaðgerðir á heiðinni árið 2012.....	3
Landgræðsluaðgerðir á áreyrum Jökulsár á Dal árið 2012.....	5
Framlag til bænda.....	6
Árangur.....	7
Framkvæmdaáætlun 2013.....	8
Fundargerðir rágjafanefndar 2012.....	9
Fundargerðir stjórnar LNH 2012.....	29

Fylgigögn

Yfirlitsmyndir yfir framkvæmdir 2003 til 2012

Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2012

Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálsslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hættu á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Hálsslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt gróið og ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á.

Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 til 2012

Samtals hefur verið unnið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs á um 5350 hekturum lands. Það eru um 450 hektarar á áreyrum Jökulsár á Dal og um 4900 hektara uppi á heiði (Jökuldalsheiði, Brúaröræfin, í landi Aðalbóls og Vaðbrekku) bænda- og unglingadreifing innifalin. Uppgræðslusvæðin eru mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Framkvæmdir árið 2012

Uppgræðslufamkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2012 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift 101,4 tonnum af áburði og sáð 600 kg af túnvingulsfræi á um 606 hektara lands. Af þessum 101,4 tonnum af áburði voru keypt 95,4 tonn, 4,8 tonn voru geymd í Möðrudal frá árinu á undan og notuð þar sumarið 2012 og auk þess fékk sjóðurinn 1,2 tonn gefins frá áburðarsöluaðila vegna þess að áburðurinn var ekki uppskipaður á þeim stað sem óskað var eftir. Áburðartegundin sem var notuð var Yara 26-6.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðslufamkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Viggó Már Eiríksson sem sá um áburðardreifingu á áreyrum Jöklu, Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson sem skiptu með sér áburðardreifingu á heiðinni. Sigurður Jónsson sá um flutningin á áburðinum. Unnið var að uppgræðslu á heiðinni dagana 24. júní til 1. júlí. Á áreyrum við Hólmatungu og Breiðumörk var unnið 28. júní og á báðum svæðum við Galtastaði þann 2. júlí.

Hópur úr unglingavinnu Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Vinna unglinganna hófst þann 2. júlí og lauk þann 26. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út eftir hverja viku. Eins og á undanförunum árum fékk unglingahópurinn fræðslu um landgræðslustörf frá héraðsfulltrúa Landgræðslunnar í formi fyrirlesturs, myndasýningar og spjalls í Fljótsdalsstöð áður en vinnan á vettvangi hófst.

Unglingarnir stóðu sig mjög vel og er vinna þeirrar mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Í meðfylgjandi töflu má sjá á hvaða svæði áburðurinn og grasfræinu var dreift á árinu 2012:

Yfirlit yfir landgræðsluaðgerðir Landbótasjóðs N.-Héraðs 2012.

Svæði	Véldreift				Handdreift		
	Stærð	Áburður		Fræ	Stærð - áætluð	Áburður	Fræ
	ha	tonn	kg/ha	kg	ha	tonn	kg
Heiðin							
Brú	62	10,2	165		2	500	50
Vaðbrekkuháls	23	4,2	180				
Hrafnkelsdalur	23	3,6	160		2	600	50
Skænudalur	0	0	0		2	700	50
Faxahús	38	6	160				
Glúmstaðardalur	13	2,4	180		2	600	75
Laugarvellir	0	0	0				
Laugarvalladalur utar	21	3,6	170				
Hallarfjall	30	3	100				
Múli	15	2,4	160		2	600	50
Grunnavatnsalda	34	4,8	140		4	1200	75
Sænautasel	38	6	160		2	600	50
Botnahraun	0	0	0		4	1200	75
Jökuldalsheiði milli vega	77	12	155		6	1800	125
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	17	2,4	140				
Heiðin samtals	391	60,6			26	7,8	600
Áreyrar Jökulsár á Dal							
Fossvellir/Veiðieyri	0	0	0				
Hrafnabjörg	0	0	0				
Litli Bakki	0	0	0				
Surtsst.eyrar-Hallgeirsstaðir	0	0	0				
Hræreklækur	0	0	0				
Galtastaðir	10	2,4	240				
Galtastaðir ytri, nýtt	15	2,4	160				
Hólmatunga	26	4,2	160				
Bláeyri	0	0	0				
Breiðamörk	10	1,8	180				
Áreyrar Jökulsár samtals	61	10,8					
Framlag til bænda	128	22,2					
Alls áburður og fræ	580	93,6			26	7,8	600

Tafla 1: Dreifing áburðar og fræs árið 2012

Landgræðsluaðgerðir á heiðinni árið 2012

Borin voru **68,4 tonn af áburði** á um **417 hektara** af heiðarlandi. Þar af báru verktakarnir **60,6 tonn** á um **391 hektara** með vélum en unglingarnir handbáru **7,8 tonn** af áburði á um **26 hektara**. Einnig sáðu unglingarnir **600 kg** af húðuðum túnvingli í rofabörð.

Það magn af áburði og fræi skiptist á eftirfarandi staði:

Brú

Alls var 10,7 tonnum af áburði dreift í landi Brúar á um 64 hektara. Borið var á með vélum á svæði fyrir ofan fjárhús, innan og utan beitargirðingarinnar og við Þverárvatn. Unglingahópurinn handdreifði áburði og sáði fræi í rofabörð utan Þverár, bæði í eldra uppgræðslusvæðið og í nýja svæðið fyrir ofan bílagarðinn.



Mynd 1: Rofabörð á Brú utan Þverár við bílagarðinn, 16.10.2012



Mynd 2: Borið var á rofsvæðin fyrir ofan fjárhús sem sést í hlíðinni, 16.10.2012

Vaðbrekkuháls

4,2 tonnum af áburði voru borin á Vaðbrekkuhálsinn austan megin á um 23 hektara.



Mynd 3: Gróðurinn sem hefur fengið áburð var ennþá að hluta til grænn þó langt væri liðið á haustið, 16.10.2012

Hrafnkelsdalur

Borið var á um 25 hektara af rofsvæðum í Hranfkelsdal, aðallega á sama svæði og í fyrra innan við gömlu beitarhúsin í fjallshlíðinni sem er innan við Þórisstaði, ofan vegar. Notuð voru 4,2 tonn af áburði og var bæði borið á með vélum og með höndum af unglingahópnum. Fræi var handsáð í rofabörðin.



Myndir 4-6: Horft á hluta af rofabörðum sem eru í uppgræðslu í Hrafnkelsdal

Skænudalur

Ekki var borið á með vélum á uppgræðslusvæðin í Skænudal á þessu ári. En unglingahópurinn bar á um 700 kg af áburði og sáði um 50 kg af fræi í rofsvæði við aflagðan gamlan vegslóða.

Faxahús

Borið var aftur á sama svæði og í fyrra, 6 tonn af áburði á um 38 hektara.

Glúmsstaðadalur

Sama svæðið og í fyrra var styrkt með áburðargjöf, 3 tonn á um 15 ha. Einnig sáðu unglingarnir 75 kg af grasfæi í rofabörðin.

Laugarvellir

Ekki var borið á uppgræðslusvæðin í Laugarvallardal á árinu 2012.

Laugarvallardalur utar

3,6 tonn af áburði voru borin á um 21 hektara af rofsvæðum utar í Laugarvallardal. Áhersla var lögð á að bera aftur á sama svæði og í fyrra og stækka svæðið út frá því.

Hallarfjall

Borin voru á 3 tonn af áburði á sama svæði og í fyrra, 100 kg/ha á um 30 hektara svæði.

Múli

15 hektarar af rofsvæðinu við Einarsvörðuna fengu 2,4 tonn af áburði á árinu 2012. Auk þess dreifði unglingahópurinn 600 kg af áburði og 50 kg af fræi í rofabörð utan við Reykjará.

Grunnavatnsalda

Borin voru á með vélum 4,8 tonn af áburði á um 34 ha á neðra svæði meðfram Ánavatni utan Netselstanga. Unglingahópurinn dreifði 600 kg af áburði og um 40 kg af fræi í rofabörð innan við Grunnavatnslæk neðan vegar. Annað eins magn af áburði og fræi var borið í vegrásir og rofabörð við Netselstanga.

Sænautasel

6 tonnum af áburði var véldreift á hluta af „gildrunni“ og á innra svæðið meðfram Ánavatni. Gamall vatnsfarvegur milli Sænautasels og Skollavíkur fékk 600 kg af áburði og um 50 kg af fræi sem unglingahópurinn handdreifði. Heildarstærð svæðis sem fékk áburð á árinu 2012 er 38 ha.

Botnahraun og Jökuldalsheiði milli vega

Með vélum var í heild 12 tonnum af áburði dreift á mela um 77 hektara í Lönguhlíð og á rofsvæðin við Toddastykkið. Unglingahópurinn vann við uppgræðslu á rofabörðum austan í Þrívörðuhálsi utan gamla vegar, í rofabörðum austan og utan gamla vegar í Lönguhlíð og á rofabörðum við Toddastykkið. Í heild var 3 tonnum af áburði og 200 kg af grasfræi dreift af unglingahópnum á þessu svæði.

Skjöldólfsstaðir með Gilsá

Áhersla var lögð á að bera á þau svæði sem einungis hafa einu sinni fengið áburð. 2,4 tonn af áburði voru borin á um 17 hektara.

Landgræðsluaðgerðir á áreyrum Jökulsár á Dal árið 2012

Borin voru á **10,8 tonn** af áburði á um 61 hektara af uppgræðslulandi. Engu fræi var sáð í áreyrarnar á þessu ári. Þetta magn af áburði skiptist á eftirfarandi staði:

Áreyrar Jökulsár - Galtastaðir

Borið var á allt melgresi sem stóð upp úr sandinum. Það voru 2,4 tonn af áburði sem voru notuð í það á um 10 hektara.



Mynd 7: Sumstaðar kemur sáningin upp úr sandinum, 20.9.2012



Mynd 8: Eldra melgresið þrífst vel á nokkrum stöðum, 20.9.2012

Áreyrar Jökulsár – Galtastaðir ytri

Byrjað var að græða upp áreyrar sem eru utar í landi Galtastaðir. Þar voru borin á 2,4 tonn á um 15 ha. Þetta eru stórir, samfelldir lítt grónir melar sem verða fyrir áfoki.



Mynd 9: Þar sem áburði hefur verið dreift hefur gróðurinn eflst, 20.9.2012

Áreyrar Jökulsár – Hólmatunga

Borin voru á 4,2 tonn af áburði á um 26 ha. Lögð var áhersla á að bera á svæðið við vatnsmælastöðina og lengra inn við það svæði og einnig á eyðurnar suðaustan við fyrirhleðsluna.



Mynd 10: Gróðurinn við vatnsmælastöðina svarar vel áburðargjöf, 20.9.2012

Áreyrar Jökulsár – Breiðamörk

Borið var aftur á þann gróður sem fest hefur rætur. Notuð voru 1,8 tonn af áburði í það.



Mynd 11: Töluvert af svæðinu hefur legið undir vatni sem eyðilagði hlut af uppgræðslunni, 20.9.2012

Framlag til bænda

Á árinu 2012 voru **22,2 tonn af áburði** notuð hjá bændum í gegnum Landbótasjóð N-Héraðs til uppgræðslu í eigin landi. Vegna þess hversu mikið þurfti að draga úr áburðarkaupum var ákveðið að allir þátttakendur fengu 2,4 tonn á þessu ári. Þeir bæjir sem tóku þátt voru: Hákonarstaðir, Eiríksstaðir, Mælivellir, Teigarsel, Hnefilsdalur, Merki og Ketilsstaðir í Jökulsárhlíð sem er nýr þátttakandi. Auk þess var 0,6 tonnum af áburði handdreift af áhugamönnum við Þríhyrningsvatn. Í fyrra var áburðinum sem átti að dreifa í Möðrudal ekki dreift en geymdur á góðum stað og dreift á þessu ári. Í heildina var þá unnið að uppgræðslu á um 128 hektara lands á þessu ári í gegnum þessa bændadreifingu.

Árangur

Heiðin


Sumarið 2012 var mjög þurrt víða um land og einnig á Austurlandi. En úrkoma á Jökuldalsheiði og víða var samt eitthvað meiri en á láglendi. Mikil heppni var að það rigndi fljótlega eftir að unnið var að dreifingu áburðar og fræs á heiðinni. Þar sem það vetraði snemma á heiðinni í haust var ekki hægt að skoða og meta árangur á stórum hluta uppgræðslusvæða. En ef miðað er við þau svæði sem var hægt að skoða, má álykta að árangurinn af uppgræðsluáðgerðunum í heild hafi verið þökkalega góður, gróðurhulan að aukast, gróðurinn að eflast og jarðvegsrof að minnka.

Áreyrar Jökulsár á Dal

Rennsli um yfirfall Háslóns fór töluvert snemma af stað, stóð lengi og var frekar mikið. Það byrjaði þann 7.8.2012 og hætti að renna yfir þann 17.9.2012. Hæst fór rennslið í 559 m³/s þann 12.8.2012. Þann 16.8.2012 var á vegum Landsvirkjunar flogið yfir áreyrar Jöklu og teknar myndir til að átta sig betur á því hvaða svæði stóðu upp úr vatni og hvað fór undir. Slíkar ljósmyndir gefa mikilvægan grunn til að átta sig betur á því hvaða svæði eru líklegast til að standa upp úr vatni við yfirfall. Eins og á árunum á undan hefur yfirfallsvatn skemmt einhverjar uppgræðslur og skilið eftir sig töluverðan sand. Á þeim svæðum sem eru ósnert af yfirfallsvatni virðist uppgræðslan ganga ágætlega.



Myndir 12 og 14: Þar sem vatn fór yfir skildi það eftir töluvert magn af sandi, 20.9.2012



Mynd 14: Yfirfallsvatn hefur hér eyðilagt hluta af uppgræðslunni, 20.9.2012

Guðrún Schmidt
Landgræðsla ríkisins

Framkvæmdaáætlun 2013

Á árinu 2013 verður keyptir um 100 tonn af áburði af tegundunni Spretur 23-12. Miðað við það áburðarmagn er eftirfarandi áætlun lögð til um magn áburðar á hvert svæði:

Áætlun	2011		2012		2013	
Svæði	áburður tn	fræ kg	áburður tn	fræ kg	áburður tn	fræ kg
Áreyrar	16,2	300 m	10,8		9,0	
Unglingar	7,2	600 tu	7,2	600 tu	7,2	600 tu
Bændur	24,6		17,4		17,4	
Vaðbrekkuháls	0		4,2		0,0	
Hrafnkelsdalur	3,6		3,6		2,4	
Skænudalur	9		0		10,8	
Faxahús	6,6		6		0,0	
Glúmstaðardalur	1,2		1,8		2,4	
Laugarvallardalur	8,4		0		0,0	
Hallarfall	3		3		2,4	
Laugarvallardalur utar	2,4		3,6		4,8	
Múli	3		2,4		4,8	
Brú	12		10,2		10,2	
Grunnavatnsalda	4,8		4,8		6,0	
Sænautasel	6		6		6,0	
Jökuldalsheiði milli vega	7,2		12		12,0	
Skjöldólfstaðir með Gilsá	4,8		2,4		2,4	
Eiríksstaðir austan Polls	0	0	0	0	2,4	
Samtals	120	900	95,4	600 tu	100,2	600 tu

Fundargerðir ráðgjafanefndar 2012

Fundur ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs

Egilsstöðum, 7.3.2012 kl. 13:00 til 16:00

Mætt: Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt

Baldur setti fundinn.

Rætt var um hugmynd sem kom upp í stjórn LBNH í ljósi samdráttar um það hvort sjóðurinn ætti að starfa að uppgræðslu einungis annað hvert ár. Með tilliti til þess að faglega séð er mikilvægt að styrkja sömu uppgræðslusvæðin tvö ár í röð með áburði eru fundarmenn ekki mjög hrifnir af þessari hugmynd. Hugleitt var þá hvort sjóðurinn ætti að vinna frekar tvö ár í röð og sleppa svo út einu ári. Þar sem samið var við verktaka til 4 ára í fyrra er lagt til að ræða þessa hugmynd frekar þegar samningar eru lausir.

Umræður voru um framtíðaráætlun fyrir sjóðinn sem þarf að vinna í vetur. Öll svæðin voru skoðuð og gróflega teiknað utan um framtíðarsvæði og stefnu rætt. Guðrún mun svo á grunni þessarar umræðu leggja fram drög að framtíðaráætlun til frekari skoðunar.

Fram kom að heyrúllur sem áætlað var að dreifa í rofabörð í fyrra voru aldrei fluttar og ekki dreift þrátt fyrir að búið væri að fela það ákveðnum verktökum. Æskilegt væri að dreifa þeim í ár og gera ráð fyrir því í kostnaðaráætlun.

Farið var í gegnum uppgræðsluáætlun 2012

Bændadreifing: miðað við fjárhagslega stöðu sjóðsins finnst fundarmönnum það ekki ráðlegt að auglýsa eftir nýjum þátttakendum. Öllum sé hins vegar frjálst að hafa samband og sækja um. Ein umsókn barst í lok síðasta árs frá Stefáni Geirssyni varðandi uppgræðslu í Dýjafjalli. Það svæði rúmast innan reglugerðar sjóðsins og mælir ráðgjafarnefnd með því að Stefán fái úthlutun úr sjóðnum til uppgræðslu á þessu svæði ef svæðið þykir álitlegt til uppgræðslu við vorskoðun ráðgjafarnefndar.

Vegna mikils samdráttar í áburðarkaupum á síðustu árum er lagt til að sett verði hámark á áburðarúthlutun til einstakra bænda, t.d. 2,4 tn eða 3 tn. Þar sem áburðurinn var ekki borin á í Möðrudal í fyrra verður engum nýjum áburði úthlutað þar en gert er ráð fyrir að áburðurinn frá því í fyrra verði borinn á núna, en það eru 4,8 tn.

Unglingadreifing: svipað áburðar- og fræmagn og í fyrra. Rætt um áherslusvæði tengd þessu starfi.

Áreyrar: Farið var í gegnum hvert svæði og eftirfarandi drög lögð að aðgerðum: enginn áburður á áreyrar við Litla Bakka, bera um 3 tn á melgresissvæðin á Galtastaðeyrum (300 kg/ha), á Hólmatunguáreyrum á að styrkja veika bletti og svæðið neðan varnargarðs með 4,2 tn af áburði, uppgræðsluna við Breiðumörk þarf að styrkja með 1,8 tn af áburði, athuga þarf ástand og aðgengi á áreyrum við Galtastaði hinu megin við Bláeyri og ef skynsamlegt er að græða það svæði upp væru áætluð 1,8 tn í það. Heildarmagn áburðar sem færi á áreyrar væri þá 10,8 tonn.

Heiðin:

Fjallað var um hvert uppgræðslusvæði og eftirfarandi línur lagðar:

Unglingar munu vinna í rofabörðum við Brú utan Þverá, og einnig þeim sem utar eru. Áburði verður dreift á Vaðbrekkuháls austan megin. Í Hrafnkelsdal verður áburði dreift í rofsvæðin í fjallshlíðinni og unglingar munu vinna í rofabörðum þar. Lagt er til að Gísli muni bera á Langamó í gegnum BGL verkefnið. Enginn véldreifing verður í Skænudal í sumar en æskilegt væri ef unglingarnir ynnu áfram að uppgræðslu á rofabörðunum þar og færu jafnvel í rofabörð sem eru utan Skænudalsár. Við Faxahús verður borið á sama svæði og í fyrra og að auki væri æskilegt að bera á svæðið við Faxagil ef nægilegur áburður er til. Í Glúmsstaðadal á að vinna á sömu svæðum og í fyrra. Unglingarnir munu einnig vinna í rofabörðum þar. Ekki verður véldreift í Laugarvalladal en styrkja þarf nýja uppgræðslusvæðið sem er utar með áburði og reyna að stækka það svæði. Bera þarf aftur á nýja svæðið við Hallarfjall. Unglingarhópurinn fer á rofsvæðin við Djúpagil. Rofsvæðið í Múlanum við Einarsvörðuna verður styrkt með áburði og reynt að hafa nægilegan áburð til þess að fara a.m.k. tvær ferðir á dráttarvél. Á Brúarsvæðinu verður lögð áhersla á að bera á uppgræðslusvæðið sem er ofan við fjárhús (athuga þarf aðgengi að þessu svæði fyrir vélar), við Grænöxl utan við Djúpagil til norðurs og meðfram Þverárvatni, sérstaklega neðan vegar. Í Grunnvatnsöldu á að bera á neðra svæðið meðfram Ánavatni utan Netselstanga. Við Sænautasel þarf að bera áburð á hluta af „gildrunni“ og á innra svæðið meðfram Ánavatni. Lagt er til að gera ráð fyrir meiri áburði á uppgræðslusvæðin sem eru á Jökuldalsheiði milli vega og að styrkja þau svæði með Gilsá sem hafa bara fengið áburð einu sinni.

Rætt var um mikilvægi þess að leggja meiri áherslu á heydreifingu í rofabörð en notkun heys í rofabörð hefur oft afgerandi áhrif á árangur slíkrar uppgræðslu.

Fleira ekki gert.

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Áætlun fyrir sumarið 2012

Á sameiginlega fundi ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs þann 14. mars 2012 var ákveðið að setja 2,4 tonna hámark á úthlutun til bænda á þessu ári vegna fjárhagsstöðu sjóðsins. Áætlunin vegna bændadreifingar er þá svohljóðandi:

Bændadreifing á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs

	2011	2012
Möðrudalur	4,8	0
Hákonarstaðir	2,4	2,4
Eiríksstaðir	2,4	2,4
Hnefilsdalur	2,4	2,4
Merki	4,8	2,4
Teigasel	2,4	2,4
Mælivellir	4,8	2,4
Dýjafjall-Ketilsstaðir	0	2,4
Þríhyrningsvatn	0,6	0,6
Samtals	24,6	17,4

Á ofanefndum fundi var einnig ákveðið að ganga til samninga við SS um kaup á áburði 2012. Heildaráburðurmagnið sem verður keypt á þessu ári eru 95,4 tonn eða 159 pokar. Miðað við það áburðarmagn er lagt til eftirfarandi áætlun um magn áburðar á hvert svæði:

Áætlun	2011		2012	
Svæði	áburður tn	fræ kg	áburðar tn	fræ kg
Áreyrar	16,2	300 m	10,8	
Unglingar	7,2	600 tu	7,2	600 tu
Bændur	24,6		17,4	
Vaðbrekkuháls	0		4,2	
Hrafnkelsdalur	3,6		3,6	
Skænudalur	9		0	
Faxahús	6,6		6	
Glúmstaðardalur	1,2		1,8	
Laugarvallardalur	8,4		0	
Hallarfjall	3		3	
Laugarvallardalur utar	2,4		3,6	
Múli	3		2,4	
Brú	12		10,2	
Grunnavatnsalda	4,8		4,8	
Sænautasel	6		6	
Jökuldalsheiði milli vega	7,2		12	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	4,8		2,4	
Samtals	120	900	95,4	600 tu

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu Minnisblað, 11. júní 2012

Þann 11. júní fóru Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna aðstæður og árangur uppgræðslunnar og ræða um aðgerðir sumarsins.

Galtastaðaeyrar: Ísjakar hafa legið yfir nánast allt svæðið í vetur. Melgresið sem var sáð í fyrra kemur ekki samfelldt upp og er frekar strjálft. Vatn hefur flætt í mörgum álum síðastliðið haust og væntanlega skemmt hlut af sáningunni. Melhólar eru áfram að safna í sig sandinn og eru að stækka. Beringspuntasvæðið lítur vel út og er það svæði útskrifað í bili en áfram þarf að fylgjast með framvindunni. Búast má við yfirfallsvatn úr Háslóni í lok júlí upp í 500 m³/s. Nauðsynlegt er að bera á sem fyrst. Áætlað er að bera á 2,4 tonn af áburði á um 10 hektara svæði. Það eru sáningar frá því í fyrra auk melgresishólanna og gróður sem hefur staðið af sér vatnságang.



Mynd 1: Yfir veturinn liggja ísjakar yfir nánast allt svæðið, 1.1.2012



Mynd 2: Horft yfir svæðið þann 11.6.2012




Mynd 3: Melhólarnir eru að hækka en nýsáningar eru strjalar, 11.6.2012



Mynd 4: Áframhaldandi framvinda er á beringspuntasvæðinu, 11.6.2012

Galtastaðareyrar ytri: Lengrar út eftir í landi Galtastaða er nýtt uppgræðslusvæði sem liggur beint á móti brúnni yfir Kaldá. Þar eru stórir, samfelldir lítt grónir melar sem verða fyrir áfoki. Þessi litli gróður, aðallega í dældum er að fanga sandinn. Mikilvægt er að koma upp samfelldri og sterkri gróðurhulu til þess að stoppa sandskriðið. Landeigandinn er jákvæður gagnvart uppgræðsluáðgerðum á þessu svæði. Greina má að vatn rennur stundum í álum um svæðið en stærsti hlutinn fer ólíklega undir vatn. Lagt er til að byrja á því að fara eina ferð meðfram girðingunni og til baka með 2,4 tonnum af áburði.



Mynd 5: Áfok sands er á svæðinu, 11.6.2012



Mynd 6: Á svæðinu eru stórir samfelldir melar, 11.6.2012

Hrærekslækjareyrar: Sá gróður sem hefur ekki verið eyðilagður af yfirfalssvatni lítur ágætlega út og var ákveðið að bera ekki á það svæði í sumar.



Mynd 7: Litið yfir svæðið við Hrærekslæk, 11.6.2012

Áreyrar við Litla Bakka: Ákveðið var að gera ekkert á því svæði í sumar þar sem framvindan er góð á svæðunum sem hafa ekki orðið fyrir skemmdum vegna vatnságangs.



Mynd 8: Gróðurhulan er áfram að þéttast, 11.6.2012



Mynd 9: Aukin gróðurhula bíður upp á vistlegra umhverfi, einnig fyrir ýmsar fuglartegundir, 11.6.2012

Surtsstaðareyrar: Gróðursetning var skoðuð. Stór hluti plantna virðist ekki vera á lífi en eitthvað hefur lifað og er að dafna.




Mynd 10: Litið yfir Surtsstaðareyrar, 11.6.2012



Mynd 11: Eitthvað af birkinu hefur lifað af, 11.6.2012

Áreyrar við Breiðumörk: Árangur af uppgræðslu er blettóttur. Bera þarf aftur á þann gróður sem fest hefur rætur. Ákveðið var að nota 1,8 tonn af áburði í það.



Mynd 12: Breiðumerkureyrar, 11.6.2012



Mynd 13: Áfokssandur að stoppa í gróðrinum, 11.6.2012

Áreyrar við Hólmatungu: Mælt var mót við Kristján Guðþórsson eiganda Hnitbjargar og rætt um uppgræðslurnar í hans landi. Fram kom m.a. ósk hans um að fylla í eyður vestan við fyrirhleðslugarðinn. Síðan var Viggó Már Eiríksson, bóndi í Fögruhlíð og verktaki LBNH á áreyrum með í skoðunarferðinni um Hólmatungueyrar. Ákveðið var að dreifa í sumar í heild 4,2 tonnum af áburði og dreifa því á svæðið við vatnsmælastöðina og lengra inn við það svæði þar sem töluverður áfokssandur er í gróðrinum. Einnig á að bera á eyðurnar suð-austan við fyrirhleðsluna og færa sig eins langt vestur og áburðurinn dugir til.



Mynd 14: Svæðið við vatnsmælastöðinni, 11.6.2012



Mynd 15: Áfok, 11.6.2012

Dyjafjallið: Stefán Geirsson, bóndi á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð hefur borið fram ósk til LBNH um að koma með nýtt uppgræðslusvæði inn í áætlanir sjóðsins. Það svæði liggur við Dyjufjallið og er aðallega um lítt gróna mela að ræða. Farið var með Stefáni að skoða svæðið úr fjarlægð en vegna snjóá var ekki hægt að komast á svæðið. Ráðgjafarnefndin var sammála um að uppgræðsla á þessu svæði rúmist innan svokallaðra „bændadreifingar“ sjóðsins og gaf grænt ljós á það að Stefán mætti byrja með uppgræðslu á þessu svæði með 2,4 tonnum af áburði í sumar.

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar


Minnisblað 13. júní 2012

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs (Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt) um uppgræðslusvæði sjóðsins á heiðinni fór fram 13. júní. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluáðgerða og aðgerðir sumarsins ræddar. Allar myndir á þessu minnisblaði voru teknar þann 13.6.2012.

Brú utan Þverár: Skoðað var nýtt rofabarðasvæði hjá bílagarðinum og talið gott ef unglingar gætu farið með 1 poka af áburði þangað.

Einnig var ákveðið að unglingahópurinn bæri aftur 1 poka af áburði á börðin sem hafa verið í uppgræðslu. Nauðsynlegt er að þeir fari einnig með áburð í efri börðin.

Brú fyrir ofan fjárhús: Gert er ráð fyrir að bera á þau svæði með vélum þar sem hægt er að komast að og senda unglingahópinn með áburð á óaðgengilegu svæðin.



Mynd 1: Horft upp í rofabarðasvæði hjá bílagarðinum



Mynd 2: Uppgræðsusvæðið ofan við fjárhúsin á Brú blasir við í brekkunni

Vaðbrekkuháls: Ákveðið var að bera á Vaðbrekkuhálsinn austan megin og nota í það 4,2 tonn af áburði.



Mynd 3: Horft á Vaðbrekkuhálsinn austan megin

Hrafnkelsdalur: Ákveðið var að bera á sama svæði og í fyrra innan við gömlu beitarhúsin í fjallshlíðinni sem er innan við Þórisstaði, ofan vegar. En ekki á að bera á svæðið neðan vegar og ekki á innsta svæðið. Nota á 3,6 tonn af áburði og bera á um 160 til 170 kg/ha.

Skænudalur: Við Nónvörð utan við Þrándarstaðarlæk er virkt rofabarðasvæði. Ákveðið var að senda unglingahópinn þangað með áburð og fræ. Ekki verður borið á önnur svæði í Skænudal þetta sumar.

Aðalsteinn á Vaðbrekku sagði að í framtíðinni mætti athuga með svæði austan við Hrafinkelur á móti Vaðbrekku. Þar er búið að leggja veg og þar með gott að komast á svæðið.



Mynd 4: Virkt rofsvæði við Nónvörð utan við Þrándarstaðarlæk



Mynd 5: Uppgræðsla milli rofabarða hefur gengið vel



Skænudalinn

Mynd 6: Horft niður



Myndir 7 og 8: Svæðin í Skænudal eru komin mislangt í uppgræðsluferlinu en allstaðar má sjá áframhaldandi framvindu

Faxahús: Ákveðið var að bera aftur á sama svæði og í fyrra og nota 6 tonn af áburði í það og bera á um 160-170 kg/ha. Árangurinn frá fyrstu árs dreifingu við pollinn er frekar lélegur. Neðan brekku er betri árangur. Ef áburðarmagnið dugar þá mætti einnig bera á svæðið við Faxagil.



Mynd 9: Horft á uppgræðslusvæðið við Faxahús pollinn



Mynd 10: Frekar lélegur árangur af uppgræðslu við

Glúmstaðardalur: Árangur síðasta árs var vel sýnilegur sem græn slikja yfir svæðið. Nauðsynlegt er að bera aftur á sama svæði og í fyrra með um 1,8 tonnum af áburði, um 180 kg/ha. Unglingahópurinn mun svo bera á og sá í rofabörðin sem eru óaðgengileg vélum.



Mynd 11: Græn slikja sýnir árangur áburðardreifingar frá 2011

Hallarfjall: Bera 3 tn af áburði á sama svæði og í fyrra með 100 kg/ha.

Laugarvallardalur utar: Mikilvægt er að styrkja aftur sama svæði og borið var á í fyrra með áburði. Einnig á að stækka svæðið og nota í heild 3,6 tonn af áburði, um 180 kg/ha.

Múli: Lagt er til að unglingahópurinn beri á uppgræðsluna í rofabörðum meðfram veginum og einnig á uppgræðslusvæðið neðan í Djúpagili. Í Múlanum neðan vegar gæti verið gott að dreifa áburði á næsta ári. Á rofsvæði við Einarsvörðuna á að bera á 2,4 tonn af áburði, um 160 kg/ha.



Mynd 12 og 13: Við Einarsvörðuna er virkt rof í gangi og mikið af lausu efni sem er nauðsynlegt að stoppa

Brú: 3,6 tonn á að bera á við Þverárvatn, sérstaklega neðan vegar og 6,6 tonn innan og utan beitargirðingarinnar og ofan við fjárhús. Áburðarmagnið sem er áætlað í heild á Brú er 10,2 tn.



Mynd 14: Virka rofið í hlíðinni við Þverárvatn hefur minnkað til muna með uppgræðsluaðgerðunum.

Grunnavantsalda: Bera á 4,8 tn af áburði á neðra svæðið meðfram Ánavatni utan Netselstanga. Í Netselstanga á unglingahópurinn að bera á sáningu frá því í fyrra.

Sænautasel: Áætluð eru 6 tn af áburði sem á að dreifa á hluta af „gildrunni“ og á innra svæðið meðfram Ánavatni.



Mynd 15: Rofabarðasvæði á innra svæði meðfram Ánavatni er erfitt viðureignar

Jökuldalsheiði milli vegar: Við skoðun á uppgræðslusvæðinu kom í ljós að framvindan er í fullum gangi og m.a. mikið af mosaskán að myndast. 12 tn af áburði (um 140 kg/ha) eru í heild áætluð á þetta svæði þar af 7,8 tn í Lönguhlíð þar sem borið var á í fyrra auk þess að víkka það svæði út. 4,2 tn á að dreifa á Toddastykkið, um 160 kg/ha.



Mynd 16: Mikil mosamyndun er á eldri uppgræðslusvæðunum á Jökuldalsheiði milli vegar

Skjöldólfsstaðir með Gilsá: Sérstaklega er mikilvægt að bera á þau svæði sem hafa bara einu sinni fengið áburð. Áætlað magn er 2,4 tn og bera á um 140 kg/ha.

Í ferðinni var m.a. rætt um það að unglingahópurinn muni fá GPS tæki sem Landbótasjóður N-Héraðs á, til að taka a.m.k. einn punkt inn á hverju svæði eða jafnvel ferla utan um uppgræðslusvæðin sem hópurinn er að vinna á.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 20. september 2012

Þann 20. september fóru Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt úr ráðgjafanefnd Landbótasjóðs N-Héraðs í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna árangur uppgræðsluáðgerða. Baldur Grétarsson forfallaðist þann dag vegna veikinda.

Rennsli í yfirfall Háslóns fór töluvert snemma af stað, stóð lengi og var frekar mikið. Það byrjaði þann 7.8.2012 kl 12:00 og hætti að renna yfir þann 17.9.2012 kl 16:00. Hæst fór rennslið í 559 m³/s þann 12.8.2012. Þann 16.8.2012 var á vegum Landsvirkjunar flogið yfir áreyrar Jöklu og teknar myndir (ljósmyndarinn var Finnur Freyr Magnússon) til að átta sig betur á því hvaða svæði stóðu upp úr vatni og hvað fór undir.

Veiðieyri: Horft var á uppgræðslusvæðið úr fjárlægð. Það svæði sem hefur ekki farið undir yfirfallsvatn lítur vel út. Það virðist eins og sandur hefur hlaðast upp meðfram eyrinni.



Mynd 1: Horft niður á Veiðieyri, 20.9.2012





Mynd 2: Veiðieyri umlukin vatni, 16.8.2012


Áreyrar við Litla Bakka: Þar sem áin hefur farið yfir skilur hún eftir sig mikið af sandi. Sumstaðar það mikinn sand að hann er búið að kæfa gróðurinn undir, sumstaðar nær gróðurinn upp úr. Spurning er hvort það væri skynsamlegt að bera á gróðurinn þar sem sandur hefur sest að til að binda hann betur. Á þeim svæðum þar sem ekkert vatn hefur runnið er framvindan góð, m.a. hefur myndast töluvert af mosa sem er mjög jákvætt í framvinduferlinum.



Mynd 3: Margir vatnsálar fóru í gegnum uppgræðslusvæðin við Litla Bakka, 16.8.2012



Myndir 4 - 8: Þar sem yfirfallsvatn hefur runnið skilur það eftir sig mikið magn af sandi, 20.9.2012



Myndir 9 og 10: Misjafnt er hvort gróðurinn nær sér í farvegi vatnsála sem mynduðust við yfirfallsvatn, 20.9.2012




Mynd 11: Vel gróið uppgræðslusvæði við Litla Bakka, 20.9.2012

Áreyrar við Hrærekslæk: Litlir vatnsálar virðast ekki hafa haft mikil áhrif á gróðurinn. Góð framvinda og töluverð mósamyndun á mörgum stöðum. En yfirfallsvatnið hefur einnig hér skilið eftir sig töluverðann sand.



Mynd 12: Töluvert af uppgræðslusvæðum er undir vatni, 16.8.2012



Mynd 13: Sum svæði eru í góðri framvindu, 20.9.2012



Mynd 14: Töluvert af sandi hefur hlaðist upp upp þar sem vatnið fór, 20.9.2012

Galtastaðareyrar: Á melgresissvæðinu eru eldri melplöntur búnar að mynda nokkuð háa hóla og fræ eru að þroskast. Þar sem yfirfallsvatn fór á milli er sumstaðar töluvert af melgresinu sem var sáð 2011 á lífi en sumstaðar er næstum því allur gróður undir þykku lagi af sandi, hefur rofist burt eða er dauft. Nauðsynlegt er að bera á næsta ári áburð á það melgresi sem stendur upp úr og lifir.



Mynd 15: Horft yfir Galtastaðareyrar þann 16.8.2012



Mynd 16: Horft á Galtastaðareyrar af veginum, 20.9.2012



Mynd 17: Sumstaðar kemur sáningin upp úr sandinum, 20.9.2012



Mynd 18: Sumstaðar er mjög lítið af sáðgresi að koma upp úr sandinum sem yfirfallsvatnið hefur skilið eftir, 20.9.2012



Mynd 19: Eldra melgresið þrífst vel á nokkrum stöðum, 20.9.2012



Mynd 20: Mikill sandur hefur hlaðist upp, 20.9.2012

Ytri áreyrar við Galtastaði: Lítið var um að yfirfallsvatn hafi farið yfir þessar áreyrar. Þar eru stór svæði sem hægt væri að græða upp. Svörun af fyrstu áburðargjöfnni er góð.



Myndir 21 og 22: Þar sem áburði hefur verið dreift hefur gróðurinn eflst, 20.9.2012

Surtsstaðaeýrar: Á jaðrasvæðum hefur sandur sest að. Annars er framvindan góð og gróðursvörðurinn orðinn mjög þéttur. Eitthvað af birkiplöntum sem voru gróðursett í fyrra eru á lífi en það er samt minnihlutinn. En eitthvað er orðið af sjálfsáningu á víði og birki frá plötum sem vaxa Jökulsárhlíðamegin í landinu.



Mynd 23: Horft á Surtstaðaeýrar, 16.8.2012



Mynd 24: Stór hluti þessara eyra er vel gróin, 20.9.2012



Myndir 25 og 26: Þar sem vatn fór yfir skildi það eftir töluvert magn af sandi, 20.9.2012



Mynd 27: Sjálfsáning á víði, 20.9.2012



Mynd 28: Gróðursett birki sem hefur lifað, 20.9.2012

Áreyrar við Breiðumörk: Á þessum eyrum hefur yfirfallsvatn náð að eyðileggja töluvert af uppgræðslunni. Það virðist vera að gróður hefur náð að lifa og dafna einungis á þeim svæðum sem stóðu upp úr yfirfallsvatni. Tekið var eftir að töluvert er um að hross eru á beit á þessum eyrum.



Myndir 29-31: Töluvert af svæðinu hefur legið undir vatni sem eyðilagði hlut af uppgræðslunni, 16.8.2012 og 20.9.2012

Hólmátungueyrar: Þar sem borið var á var góð áburðarsvörun og gróðurinn að eflast og þéttast. Eins og á öllum eyrum hefur yfirfallsvatn einnig hér farið yfir nokkur svæði og skilið eftir sig sand. En innan við garðinn virðist hafa verið minna vatn en von var á. Meta þarf hvort það væri ástæða til þess að græða upp eyrar sem eru meira austan megin.




Myndir 32-34: Sumir vatnsálar eru að eyðileggja uppgræðsluna, 20.9.2012



Mynd 35: Gróðurinn við vatnsmælastöðina svarar vel áburðargjöf, 20.9.2012

Dyjafjall: Þetta verkefni er innan „bændadreifingar“ hjá LBNH. Borið var á svæðið í fyrsta skipti í sumar. Svæðið var skoðað úr fjarlægð í sömu ferð og áryerarnar voru skoðaðar þar sem Dyjafjallið er í Jökulsárhlíð. Græn slikja var vel sjáanleg sem árangur af áburðargjöfnni.



Mynd 36: Horft úr fjárlægð á uppgræðslusvæðið í Dyjafalli, 20.9.2012.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafanefndar Minnisblað 16. október 2012

Það vetraði snemma á þessu hausti þannig að ekki var hægt að skoða landið á hefðbundnum skoðunartíma í september vegna snjóa. Þann 16. október gafst svo tækifæri til að skoða þann hluta uppgræðslusvæðanna sem var ekki undir snjó á þessum tíma. Í þessa skoðunarferð fóru Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt úr ráðgjafanefnd Landbótasjóðs N-Héraðs. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluaðgerða og væntanlegar aðgerðir næsta sumars ræddar.

Allar myndir í þessu minnisblaði voru teknar þann 16.10.2012.

Brú utan Þverár: Á nýja uppgræðslusvæðinu við bílagarðinn var góður árangur eftir að unglingahópurinn bar á og sáði í rofabörðin. Nauðsynlegt er að bera á þetta sama svæði á næsta ári.

Á eldra uppgræðslusvæði, líka í rofabörðunum efst uppi, vann unglingahópurinn einnig að uppgræðslu.



Mynd 1: Rofabörð á Brú utan Þverár við bílagarðinn



Mynd 2: Eldra uppgræðslusvæðið á Brú utan Þverár

Brú fyrir ofan fjárhús: Svæðið var skoðað úr fjárlægð og mátti vel greina græna slikju yfir.



Mynd 3: Borið var á rofsvæðin sem sést í hliðinni

Vaðbrekkuháls: Borið var á svæðið austan megin í Vaðbrekkuhálsi. Gróður þar hefur tekið vel við sér eftir áburðargjöf. Væntanlega þarf engann áburð á Vaðbrekkuhálsinn á næsta ári.



Mynd 4: Gróðurinn sem hefur fengið áburð var ennþá að hluta til grænn þó langt væri liðið á haustið

Hrafnkelsdalur: Sum rofabörð eru á mjög góðri leið með að gróa saman.



Myndir 5-7: Horft á hluta af rofabörðum sem eru í uppgræðslu í Hrafnkelsdal


Skænudalur: Til stóð að unglingahópurinn myndi bera á og sá í rofabörð sem eru við Nónvörð utan við Þrándarstaðarlæk. Hætt var við það þar sem hætta var á því að það myndi myndast ljót för í landinu þegar farið væri með áburð og fræ þangað.

Laugarvallardalur utar: Horft var úr fjarlægð á svæðið og almenn ánægja með að þetta rofsvæði er í uppgræðslu og stöðvar þar með áframhaldandi jarðvegsrof.



Mynd 8: Horft niður á rofsvæðið utar í Laugarvallardalnum

Laugarvallardalur: Öll uppgræðslusvæðin virðast vera áfram í góðri framvindu. Væntanlega er óhætt að sleppa aftur að bera á þau svæði á næsta ári.



Mynd 9: Horft yfir hluta af uppgræðslusvæðunum í Laugarvallardal

Hallarfall: Lagt er til að haldi verði áfram við að stækka uppgræðslusvæðið og byrjað á nýju svæði á næsta ári.

Múli: Mikilvægt er að halda áfram að bera á rofsvæðin við Einarsvörðuna.



Mynd 10: Nauðsynlegt er að stoppa lausa sandinn á þessu svæði

Brú við Þverárvatn: Lagt er til að stækka uppgræðslusvæðið á þann hátt að það tengist betur við gróin svæði í kring.

Sænautasel: Gamlar heyrúllur voru settar í rofabörð sem eru á innra svæði meðfram Ánavatni í samstarfi við Landgræðslufélag Héraðsbúa.

Rætt var um þann möguleika að taka rofsvæði í landi Eiríksstaðar sem liggja utan við Pollinn og utan við Þverárvatn með inn í verkefni sjóðsins í náninni framtíð.

Ekki var hægt að meta árangur uppgræðslunnar á fleiri svæðum þar sem þau voru undir snjó.

Fundargerðir stjórnar LNH 2012

Fundargerð 59. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 21.02 2012

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Ársreikningur Landbótasjóðs Norður Héraðs 2011:** Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 285.156.960. Til ráðstöfunar á árinu 2012 eru áætlaðar 16,7 milljónir sem byggir á að raunávöxtun sjóðsins verði 3,5%. Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikninginn til ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefnar sjóðsins, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuað koman og véc hann síðan af fundi.
2. **Verktakar 2012:** Samþykkt að bjóða Hofteig ehf og Snæbirmi Ólasyni að framlengja samning er gerður var 2011 vegna áburðardreifingar.
3. **Áburðarkaup 2012:** Samþykkt að óska eftir verði í allt að 100 tonn af áburði frá áburðarsölum fyrir næsta fund sem er fyrirhugaður 14. mars n.k.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.18:30.

Fundargerð 60. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 14.03.2012

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir. Frá ráðgjafanefnd var mætt Guðrún Schmidt. Auk þess voru mættir sölufulltrúar áburðar Helgi Haukur Hauksson, Baldur Grétarsson, Helgi Rúnar Elisson og Vignir Elvar Vignisson vegna liðar 1

Fundur settur kl.10:00 í fundarsal sveitarfélagsins Lyngási 12. Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og kynnti sölufulltrúum að stjórn landbótasjóðs áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

4. **Áburðarkaup opnun tilboða 2012:** Borist hafa eftirfarandi tilboð:
Sláturfélag Suðurlands: Yara 26.6. 88,5 tonn kr.79.723 án vsk pr tonn, alls 88,5 tonn.kr.7.052.419 án vsk. 100.052 pr tonn með vsk, heildarupphæð 8.850.786 með vsk.Tilboð miðast við afgreiðslu á Reyðarfirði.
Skeljung: Sprettur 23.12. kr. 72.014 pr tonn án vsk, alls 100 tonn kr.7.201.390 án vsk. Tilboð miðast við afhendingu á Reyðarfirði.
Búvís : Völlur 28.12 +S kr 77.520 pr tonn án vsk, alls 7.752.000 án vsk,100 tonn 9.728.760 með vsk. Völlur 30.5+S kr.68.890 án vsk, alls100 tonn 6.889.000 án vsk 8.645.695 með vsk. Tilboð miðast við afgreiðslu á Reyðarfirði
Fóðurblöndu : Græðir 9 .100,2 tonn 78.115 án vsk pr.tonn, alls 7.827.123 án vsk Fjölmoði 3 100,2 tonn kr.68.831 án vsk,alls 6.896.866 án vsk. Tilboð miðast við afhendingu á Reyðarfirði.
Áburðarsölum þökkuað koman og viku þeir síðan af fundi.
Dagbjartur Jónsson frá ráðgjafanefnd kom hér til fundar.

Stjórn landbótasjóðs, ásamt Guðrúnu og Dagbjarti fóru yfir tilboðin, Að vandlega íhuguðu máli var ákveðið að ganga til samninga við SS um kaup á áburði 2012

miðað við uppskipun að stærstum hluta á Vopnafirði. Komi fram gallar við dreifingu verði áburður bættur.

5. **Verkefni sumarsins:** Baldur Grétarsson mætti hér til fundar. Ráðgjafanefnd kom saman til fundar vegna uppgræðslu sumarsins 7. mars sl. Áætlað er að dreifa rúm 10 tonn á áreyrar, 7,2 tonn á vegum sumarvinnuflokks LV, rúm 17 tonn í bændadreifingu, 18 tonn austan ár og um 50 tonn norðan ár. Síðan verða einhverjar breytingar miðað keypt áburðarmagn.
6. **Önnur mál.** Baldur Grétarsson ræddi sjóði Alcoa og hugsanleg samstarfsverkefni. Björn Ingimarsson kom á fundinn til að ræða þessi mál. Ákveðið að senda erindi til Alcoa vegna þessa.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.13.55

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir.

Fundargerð 61. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs og ráðgjafanefndar 18.06 2012

Mættir eru frá stjórn Landbótasjóðs Guðmundur Ólason, Sigvaldi H. Ragnarsson og Björn Hallur Gunnarsson í forföllum formanns Önnu H. Bragadóttur.

Mætt eru frá ráðgjafanefnd sjóðsins Guðrún Schmidt fulltrúi Landgræðslunnar, Dagbjartur Jónsson fulltrúi Landsvirkjunnar og Baldur Grétarsson fulltrúi svf Fljótsdalshéraðs.

Sigvaldi varaformaður Landbótasjóðs setti fund kl 11:10 á Hreindýraslóðum Skjöldólfsstöðum.

1. Mál : Verkefni sumarsins :

Ráðgjafanefnd fór dagana 11. og 13. sl. í skoðunarferðir um uppgræðslusvæði sjóðsins á áreyrum Jökulsár, Hrafnkelsdal, Brúardölum og Jökuldalsheiði. Fram kom að vegna óhagstæðs tíðarfars sl. sumar virðast sum þeirra svæða sem áburð fengu í fyrsta skipti í fyrra ekki hafa gefið viðunandi svörun. Trúlega liggur hluti þeirra áburðaeigna ónýttur í jarðveginum sem skilar sér þetta sumarið. Borið verður aftur á þessi svæði í sumar auk þess sem eldri svæði verða styrkt og bætt í bletti, þó verður vegna hversu snemma yfirfall kemur, ekki sett á eyrar sem fara undir vatn. Það svæði á Galtastaðaeyrum sem ber Beringspunt virðist vera orðið sjálfbært og ekki þörf á meiri áburðargjöf þar. Önnur eldri svæði líta vel út. Lauslegt mat ráðgjafanefndar er að um 20 % birkiplantna sem settar voru á Surtstaðaeyrar í fyrra lifi. Afföll eru af völdum gæsa sem rífa plönturnar upp. Fylgst verður með hvernig þessum plöntum sem eftir eru koma til með að dafna áður en meira verður sett af plöntum niður.

Þá upplýsti ráðgjafanefnd að hún hefði skoðað í fjarska nýtt uppgræðslusvæði á Dýjafjalli í landi Ketilsstaða. Þar verður borið á 2,4 tn. sem telst til bændadreyfingar. Á svæðum Jökuldals og Hrafnkelsdal verður sömuleiðis unnið á eldri svæðum. Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunnar undir stjórn Arnórs Benediktssonar mun líkt og fyrri ár koma að verkefninu. Ráðgert er að unglingaflokkurinn handdreyfi um 7 tn. af áburði auk 600 kg af fræi þá aðallega í rofabörð auk svæða sem ekki eru véltæk. Verktakar munu á næstu dögum byrja dreyfingu á þeim tæplega 90 tonnum af áburði sem dreyft verður þetta árið, innifalið er í þeirri tölu áburður sem úthlutað er til bænda. Áburðarmagn verður 140 – 160 kg per ha af áburði 26 – 6. Þá eru ótalin 4,8 tn. sem til eru frá fyrra ári í Möðrudal. Verði Möðrudalsbóndi ekki búinn að bera þennan áburð á þegar verktakar eiga leið um Jökuldalsheiði verða þeir sendir þangað til áburðardreyfingar.

Stefnt er að dreyfa gömlum rúllum sem í boði eru á Skjöldólfsstöðum í Toddastykki sem og nálæg börð Skotmannsvík (Skollavík) við Ánavatn. Upp kom hugmynd hvort Landbótasjóður og Landgræðslufélag Héraðsbúa geti hugsanlega sameinað krafta sína við rúlludreyfingu.

2. Önnur mál.

Sigvaldi hafi upplýsingar frá formanni að Alcoa hefði ekki fundið tíma til að funda með stjórninni og ráðgjafanend um samstafsbeiðni sem þessar stjórnir höfðu sent fyrirtækinu. Forsvarsmenn fyrirtækisins munu við fyrsta hentugleika koma þessum fundi á.

3. Hádegisverður og fundur með verktökum.

Mættir voru verktakar sjóðsins þ.e. Sigurður H. Jónsson, Benedikt Arnórsson, Agnar Benediktsson, Snæbjörn V. Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson. Viggó M. Eiríksson mætti ekki.

Verkefnin rædd og skipulögð samhliða máltíð.



Baldur Grétarsson mun að loknum fundi fara með verktökum um Jökuldals og Hrafnkelsdalssvæði.

Fundi slitið kl 13:45.


Fundargerð ritaði Sigvaldi H. Ragnarsson.

Ath: Viggó leit við að loknum fundi og ræddi við þá sem eftir voru.

Landbótasjóðs Norður - Héraðs Jökuldalsheiði



Landbótasjóðs Norður - Héraðs Jökulsáraurar



Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2012

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2012

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2012, hreinni eign hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 28. febrúar 2013

Deloitte ehf.


Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 14,9 millj. kr. á árinu, en ofráðstafað frá fyrra ári nam 1,5 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 13,4 millj. kr., og er heimild ársins umfram úthlutun alls 15 þús. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2013 geti orðið u.þ.b. 16,6 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Brúarási, 28. febrúar 2013

Í stjórn

Anna H. Bragadóttir
Sigvaldi H. Ragnarsen
Guðmundur Ólafsson

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2012

	Skýr.	2012	2011
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	4.329.971	3.935.159
Hreindýraarður		374.970	473.426
		<u>8.704.941</u>	<u>8.408.585</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	19.189.466	21.320.165
Fjármagnstekjuskattur	8	(3.837.893)	(4.168.289)
Vaxtagjöld	8	0	(750)
		<u>15.351.573</u>	<u>17.151.126</u>
		<u>24.056.514</u>	<u>25.559.711</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(13.464.319)	(15.264.197)
		<u>(13.464.319)</u>	<u>(15.264.197)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(5.809.798)	(3.335.735)
		<u>(5.809.798)</u>	<u>(3.335.735)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu			
	5	4.782.397	6.959.779
Hrein eign frá fyrra ári			
		<u>285.156.960</u>	<u>278.197.181</u>
Hrein eign í árslok			
	5	<u>289.939.357</u>	<u>285.156.960</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	41.801.153	47.610.951
		<u>41.801.153</u>	<u>47.610.951</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	248.187.674	237.818.825
		<u>248.187.674</u>	<u>237.818.825</u>
		<u>289.988.827</u>	<u>285.429.776</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Annar ógreiddur kostnaður		49.470	272.816
		<u>49.470</u>	<u>272.816</u>
Hrein eign		<u>289.939.357</u>	<u>285.156.960</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	14.798	(1.464.478)
Til ráðstöfunar síðar	5	<u>289.924.559</u>	<u>286.621.438</u>
Hrein eign samtals		<u>289.939.357</u>	<u>285.156.960</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	8.329.971	7.935.159
Aðrar innborgaðar tekjur	5	374.970	473.426
Innborgaðir vextir	8	15.351.573	17.151.876
		<u>24.056.514</u>	<u>25.560.461</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(13.687.665)	(15.008.283)
Vaxtagjöld	8	0	(750)
		<u>(13.687.665)</u>	<u>(15.009.033)</u>
Hækkun á handbæru fé		10.368.849	10.551.428
Handbært fé í ársbyrjun		<u>237.818.825</u>	<u>227.267.397</u>
Handbært fé í lok árs		<u>248.187.674</u>	<u>237.818.825</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greiddast á 15 árum. Framlöggin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 180.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2012	2011
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	180.000.000	176.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	27.697.406	23.367.435
Greitt alls.....	207.697.406	199.367.435
Framlög til og með árinu 2017.....	20.000.000	24.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	21.801.153	23.610.951
Óhafin framlög samtals.....	41.801.153	47.610.951
	<u>249.498.559</u>	<u>246.978.386</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2012	2011
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	286.621.438	281.173.934
Verðtrygging höfuðstóls	12.967.273	14.693.357
Laust til ráðstöfunar, 1/31 (1/32) hluti	(9.664.152)	(9.245.853)
	<u>289.924.559</u>	<u>286.621.438</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	(1.464.478)	(2.976.753)
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	9.664.152	9.245.853
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	4.904.473	7.057.193
Hreindýraarður	374.970	473.426
Ráðstafað á árinu	(13.464.319)	(15.264.197)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>14.798</u>	<u>(1.464.478)</u>
Hrein eign samtals	<u>289.939.357</u>	<u>285.156.960</u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2012	2011
Vextir af bankareikningi.....	19.189.466	21.320.165
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.837.893)	(4.168.289)
Vaxtagjöld	0	(750)
	<u>15.351.573</u>	<u>17.151.126</u>

Skýringar og sundurliðanir

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ	9.903.423	10.656.393
Aðkeypt vinna verktaka	2.056.313	2.720.100
Flutningskostnaður	702.511	658.130
Tækjaleiga	0	7.800
Vinnulaun	265.800	531.600
Akstur	59.013	130.203
Tryggingagjald	26.960	60.924
Lífeyrissjóður	21.264	42.528
Endurhæfingarsjóður	346	0
Fundakostnaður	44.000	59.259
Annar ósundurliðaður kostnaður	0	13.477
Bókhald og reikningsskil	384.689	383.783
	<u>13.464.319</u>	<u>15.264.197</u>